

**Annar Þáttur – Þungarokk (Handrit)**

Upphaf/Lag	Start – Hvað villtu mér?	17 sek
Texti	Þungarokk er margþætt tónlistarstefna. Erfitt er að segja til um hvenær nákvæmlega þungarokk fór að heyrast á Íslandi en það mætti segja að tónlistarstefnan sé yfir fjörutíu ára gömul. Með tímanum þróaðist þungarokkið og við lok áttunda áratug síðustu aldar og við upphaf þess níunda hafði það losnað. Þá hafði þungarokkið losnað við öll blús áhrifin úr tónlistinni og það sem eftirstóð var tónlistarformið sem við þekkjum sem þungarokk í dag, hávært og ögrandi. Þungarokk var algjörlega á jaðrinum í íslensku samfélagi í fyrstu, en á áttunda áratugnum var lítið að gerast en því meira í upphafi þess níunda. Sveitir eins og Start, Drýsill, Þrumuvagninn og Gypsy, sigurvegarar Músíktílauna 1985, voru m.a. undir áhrifum frá bresku harðrokki og nýbylgjunni þar í þungarokkinu. Kristján Kristjánsson, eða Kiddi Rokk, þekkir íslensku þungarokkssenuna vel.	53 sek
Kiddi Rokk	<b>INN: (0.36)</b> „Já ég þekki það mjög vel, ég var hluti af þessari senu þá. Það má eiginlega segja að þetta hafi byrjað dálítið uppúr 1980 með hljómsveitum eins og Drýsill sem Eiki Hauks var með.“ <b>ÚT: (01.52)</b> „Fólk fór meira að hlusta á það og þetta kom svona uppúr öndergráðinu.“	1 mín 16 sek
Lag	Drýsill – Welcome to the show	
Kiddi Rokk	<b>INN: (02.07)</b> „Og náttúrulega á þessum tíma sem þessi bylgja var hér sko þá var þungarokk í smá hallæris uppsveiflu ímyndarlega séð.“ <b>ÚT: (03.11)</b> „Á tímabili var eiginlega ekkert nema þungarokk á Músíktílaunum sko.“	1 mín 4 sek
Lag	Metallica – Seek and Destroy	
Texti	Snæbjörn Ragnarsson, meðlimur Skálmaldar telur að þungarokkið hafi komið inn mun fyrr en marga myndi gruna;	10 sek
Snæbjörn Ragnarsson	<b>INN: (2.58)</b> „Bæði þarf að skilgreina eftir á og kannski í dag hvað væri hægt að skilgreina sem þungarokk...“ <b>ÚT: (3.17)</b> „Já, að mörgu leiti sko, en þetta er náttúrulega ekkert grjóthart þungarokk í dag.“ <b>INN: (3.34)</b> „Fullt af þessu hippastöffi er alveg grjóthart sko.“ <b>ÚT: (4.57)</b> „Þetta er meira en bara tónlistin, þetta er líka attituedið og allt svoleiðis.“	1 mín 43 sek
Lag	Ólsen Ólsen – Lúdó og Stefán	18 sek
Snæbjörn Ragnarsson	<b>INN: (18.29)</b> „Ég og Villi naglbítur, Villi naglbítur er fyrsti vinur minn.“ <b>ÚT: (19.30)</b> „Bara af því að hlutirnir eru ekkert automatískt góðir þó að tvö hundruð manns séu að gera þá sko.“	1 mín 1 sek
Lag	Europe – Rock the night	50 sek
Snæbjörn Ragnarsson	<b>INN: (21.15)</b> „Kannski það sem ég er að segja með þessu sko, að vera ekki að gera eins og allir hinir.“	31 sek

	<b>ÚT: (21.46)</b> „Við erum þessi hópur og þessi fjölskylda sem að þrífst á þessu og við viljum að þetta sé svona og okkur líður vel að vera í þessum hópi.“	
Texti	Eistnaflug er ein af vinsælustu tónlistarhátíðum Íslands í dag. Allskyns fólk mætir á hátíðina og á meðan henni stendur ríkir jöfnuður og fólk má vera eins og það vill. Upphaflega voru bæjarbúar Neskaupsstaðar mjög varir um sig þegar bærinn fylltist af leðurklæddu fólki, sem hafði síðan ekki hreyft við blómunum í blómabeðunum eftir að hátíðinni lauk. Allt í einu fóru þungarokkarar að þykja hin mestu ljúfmenni. Athafnamaðurinn og þungarokksunnandinn Stefán Magnússon er heilinn á bak við Eistnaflug	35 sek
Stefán Magnússon	<b>INN: (3.51)</b> „Ég flyt austur og hringi út mannskapinn að koma og halda tónleika í Neskaupstað.“ <b>ÚT: (4.32)</b> „Og að sko þetta væri nú mjög skrítið fólk sem var mætt þarna í Neskaupstað.“ <b>INN: (3.13)</b> „Við höfum nú ekki fengið stimpilinn á okkur sem hérna djöfladýrkendur...“ <b>ÚT: (3.45)</b> „Allir sultuslakir bara að hafa gaman.“ <b>INN: (4.42)</b> „Þetta er svona stærsti fjöldi sem kemur saman í svona þessum þungarokks þælingum...“ <b>ÚT: (5.08)</b> „Þannig að þessvegna gengur þetta allt vel.“ <b>INN: (5.37)</b> „Basic reglan er bara að það er bannað að vera fáviti, það er bara þannig.“ <b>ÚT: (6.02)</b> „...og hvort að menn séu ekki aðeins að missa sig.“	2 mín 4 sek
Lag	Skálmöld - Niflheimur	
Snæbjörn Ragnarsson	<b>INN: (5.25)</b> „Fyrir 10 árum síðan þegar að Eistnaflug byrjar. Eistnaflug kannski líka breytti þessu svolítið mikið síðustu 10 árin...“ <b>ÚT: (6.44)</b> „Og þá vorum við ennþá að díla við, já svona einhverja brjálaða fordóma.“ <b>INN: (9.21)</b> „Hérna á Íslandi held ég, að það sem gerðist var það að við fengum svona einhvern samastað einu sinni á ári, þetta er náttúrulega bara árhátíð.“ <b>ÚT: (10.31)</b> „Að varpa ljósi á þessa stóru samkomu sem að fer alltaf frábærlega fram og allir eru brosandi og bræðralagið er alltaf ríkjandi og svoleiðis sko.“	2 mín 29 sek
Lag	Sólstafir - Köld	
Stefán Magnússon	<b>INN: (9.18)</b> „Eins og maður hefur margoft sýnt fram á með Eistnaflugi, fólkið sem kemur á Eistnaflug...“ <b>ÚT: (10.36)</b> „Á Eistnaflugi er þetta svolítið þannig að þú ert bara í dressinu þínu með hárið og lokkana þína hvernig sem það er og það er öllum slétt sama.“	1 mín 18 sek
Lag	HAM – Dauð hóra	
Kiddi Rokk	<b>INN: (11.15)</b> „Sko Eistnaflug er bara gott dæmu um um, undanfarin ár, hvað er búið að vinna vel að íslensku þungarokki.“ <b>ÚT: (12.27)</b> „Og þessar hljómsveitir sem hafa fylgt á eftir eins og Dimma, sem eru bara að gera það rosalega gott.“	1 mín 12 sek

Lag	Dimma – Ég Brenn	
Snæbjörn Ragnarsson	<b>INN: (14.14)</b> „Við erum náttúrulega mjög framarlega sko.“ <b>ÚT: (14.51)</b> „Auðvitað eru náttúrulega rosalega háværir hópar sem að segja eitthvað annað og rífa kjaft en heilt yfir þá fær fólk sjéns.“ <b>INN: (15.05)</b> „Bara það að Eistnaflug skyldi komast á koppinn...“ <b>ÚT: (15.30)</b> „Þá þarftu ekkert að hugsa mjög lengi og átta þig á því að þetta er ekkert hættulegt.“	1 mín 2 sek
Lag	Slayer – South of Heaven	
Texti	Ekki voru þó allir Íslendingar ánægðir með þungarokkið til að byrja með og þá sérstaklega að það væri spilað í útvarpi. Árið 1987 birtist innsend grein í DV þar sem Hörður nokkur Jónsson tjáði sig um þessa leiðinlegu tónlist; <i>„Það hefur mikið verið skrifað og skrafað um blessað þungarokkið. Þessi fámenni hópur, sem vill hlusta á þetta garg, hefur verið duglegur við að koma þungarokkinu á framfæri. Þungarokksaðdáendur, þið verðið bara að gera ykkur grein fyrir því að fyrir okkur hina er hrein pína að þurfa að hlusta á þessa graðhestamúsík. Það er spurning hvort hægt er að tala um músík þegar þungarokk er annars vegar því að þetta hljómar eins og versta víravæl. Það er ekkert skrítið, og þið þungarokksaðdáendur getið ekki vænst þess að það sé spilað mikið af þessum ófögnuði í útvarpinu, þá myndu flestir eflaust loka fyrir tækin. Hljómsveitir eins og AC/DC eða Iron Maiden eiga ekki að heyrast í útvarpinu því það eru svo fáir sem hafa slíkan „músíksmekk“. Ég vil þakka útvarpinu fyrir að spila lítið af þungarokkinu það er svo drepleiðinlegt.“</i>  Herði var svarað um hæl, þ.e. með annari innsendri blaðagrein. Þar tók viðkomandi upp hanskan fyrir þungarokkið og velti því fyrir sér hvort Hörður væri ekki bara leiður á lífinu og sakaði hann um að hafa lítið vit á tónlist.	1 mín 29 sek
Lag	Iron Maiden – Aces High	
Kiddi Rokk	<b>INN: (6.16)</b> „Það hefur alltaf verið erfitt að fá þungarokk spilað í útvarpi, alltaf. Alveg frá því að ég man eftir mér.“ <b>ÚT: (6.27)</b> „En svona kannski helst núna þegar Skálmöld fóru að verða vinsælir að þetta fór loksins að heyrast eitthvað sko.“ <b>INN-ÚT: (6.42-6.46)</b> „En jájá, það hefur alltaf verið erfitt að fá þungarokk spilað í útvarpi.“	15 sek
Texti	Eitthvað bar á því að fólk sendi inn greinar í dagblöðin og bæði um að þungarokk yrði spilað eða þökkuðu útvarpsmönnum fyrir að spila tónlistina. Engin hræðsla var þó gagnvart tónlistinni en mönnum þótti hún greinilega bara leiðinleg. Björn Kristjánsson kennari samdi vísu eftir að hafa hlustað á þungarokk í kvölddagskrá útvarpsins. Tónlist þessi vakti litla hrifningu hjá honum en hann hafði vaknað um nóttina eftir að hafa hlustað á þessi ósköp og samdi þá vísu;  <i>Það er óþarfi að fylla þann flokk, sem framleiðir þungarokk. Efni til manna,</i>	45 sek

	<i>sem hávaðann hanna hefði átt að lenda í smökk.</i>	
Snæbjörn Ragnarsson	<b>INN: (10.59)</b> „Ég væri alveg til í að geta kveikt alltaf á útvarpinu og heyrð bara nýtt íslenskt þungarokk eða gamalt og almennt þungarokk en ég get það ekki.“ <b>ÚT: (11.52)</b> „Og það er ótrúlegt mótsögn við sjálft sig.“ <b>INN: (11.59)</b> „Þegar ég er að alast upp, þá náttúrulega er þetta aldrei spilað sko.“ <b>ÚT: (12.53)</b> „Ég held að þetta eigi að vera þannig. Ég held að þetta myndi skemmast ef að allir færu að hlusta.“	1 mín 47 sek
Lag	Anthrax – Madhouse	
Texti	Íslendingar hafa í nokkur skipti, næstum því fallið í siðafársgildruna. Og er Eistnaflug eitt af þeim skiptum. Annað dæmi má rekja til ársins 1995 þegar ungmenni úr hvítasunnusöfnuði Vestmannaeyja sameinuðust og brenndu bækur og geisladiska sem töldust ókristilegar vegna innihalds og boðskapar. Snæbjörn man eftir atvikinu.	25 sek
Snæbjörn Ragnarsson	<b>INN: (15.54)</b> „Þetta er örugglega bara á svipuðum tíma og ég er í fermingarfræðslu eða aðeins seinna.“ <b>ÚT: (16.17)</b> „Helvítið hann Snorri ætti bara að drullast til að biðjast afsökunar sko, það er ekkert flóknara en það.“ <b>INN: (16.48)</b> „Ég einhvern veginn vill samt alltaf trúna því að við séum...“ <b>ÚT: (17.02)</b> „Svo lengi sem það er ekki að skemma fyrir einhveju öðru sko.“	37 sek
Texti	Frétt um atvikið birtist í Morgunblaðinu þann 9. nóvember árið 1995, þar sem rætt var við sjálfan safnaðarhirðinn Snorra Óskarsson;  <i>„Mikið var af djöfla- og dauðarokki og margir textar hvöttu til siðleysis, s.s. kynvillu og tvíkynja samskipta. Þegar unglíngarnir áttuðu sig á því að textarnir væru í algjörrri andstöðu við Biblíuna gátu þeir ekki lengur notið tónlistarinnar. Þeir fengu svo hugmyndina að því að brenna diskana eftir að hafa lesið í Postulasögu 19 [þar sem] að söfnuðurinn hafði brennt kuklbækur. Brenndar voru bækur á borð við Mein Kampf eftir Hitler, sem elur á kynþáttafordómum, og þvílíku og geisladiskar með hljómsveitum eins og Kiss og margar fleiri“</i>  Þetta var ekki fyrsta brennan, en í greininni kom fram að fleiri brennur líkt og þessi hefðu verið haldnar í Vestmannaeyjum þetta ár og hátt í sex hundruð geisladiskar voru brenndir sumarið 1995. Skólameistari Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum tjáði Morgunblaðinu að hann væri hræddur við þennan mógæsing og þetta ofstæk, en Snorri fullvissaði blaðamanninn að söfnuðurinn væri ekki á móti allri tónlist, aðeins tónlist sem <i>tilheyrðu tilteknu lífmynstri. Aðeins ef textar boðuðu lögleysu, brytu gegn boðorðunum tíu, Biblíunni eða kristnu siðferði almennt.</i> “	1 mín 24 sek
Lag	Kiss – Heaven’s On fire	

Snæbjörn Ragnarsson	<b><u>INN: (17.25)</u></b> „Maður náttúrulega man eftir þessu úti sko, allskonar brjálæðis samkomur úti.“ <b><u>ÚT: (17.56)</u></b> „Algert krapp sko!“ <b><u>INN: (18.03)</u></b> „Og þú veist, Ég veit ekkert hvað þetta var stórt, voru þetta ekki bara einhverjir 15 fávitar...“ <b><u>ÚT: (18.10)</u></b> „Bara verði þeim að góðu!“	38 sek
Lag	Skálmöld – Niðavellir	
Texti	Engin tilfelli sem vitað er um, hafa dregið þungarokkið niður hér á landi, á þann hátt að það rífur alla þjóðina með sér í einhvers konar fár. Þessi tvö tilfelli sem nefnd voru, brennan og þróun Eistnaflugs eru ekki siðafár í þeirri skilgreiningu sem lögð er í hugtakið. Þungarokk er á jaðrinum en það má vera þar. Eistnaflug og Skálmöld hafa átt sinn þátt í því að gera þungarokkið að gildandi listformi í íslenskri tónlist.	31 sek
Snæbjörn Ragnarsson	<b><u>INN: (23.41)</u></b> „Ef þig vantar eitthvað til þess að gera eða fylla eitthvað tóm...“ <b><u>INN: (24.35)</u></b> „Það er það besta sem þú getur gert!“	54 sek
Endir/Lag	Start – Hvað viltu mér? (frá 03.10)	24 sek